# Bítlaball

**Þrettándahátíð kaffihússins Sólons Íslandusar var ekki haldin á þrettándanum heldur fimm dögum síðar. Álfarnir mættu því ekki til leiks, en það virtist ekki spilla gleði ballgesta.**



Sverrir Guðjónsson er að verða nútímamaður. Hann var ekki í munkakuflinum og söng enga antikaríu.




Bítlaþráhyggja Ingós er komin á svo alvarlegt stig að hann er farinn að flytja lög þeirra á opinberum vettvangi. Vonandi er þráhyggjan ekki orðin svo djúpstæð að hann haldi sig hafa samið lögin.



Sólborg Sólonsstýra.



Jón Óskar í sparifötunum.



Þar bar vel í veiði. John og Ágústa, eigendur verslunarinnar Veiðimannsins.



Ásta K. Ragnarsdóttir námsráðgjafi í hreistruðum hafmeyjukjól horfir með aðdáun á eiginmann sinn, bítilinn Valla. Viðar Eggertsson virðist hafa farið í aðgerð til að líkjast Harrison Ford.



Reynir Jónasson tók á móti gestum með seiðandi harmónikkuleik. Reyni tókst að gleðja Jón Þór Hannesson, fyrrverandi bassaleikara í Tónum og núverandi Saga Film-stjóra.



Hún er fríð hún Fríða í Mondó.



Elín Edda dansar við einhvern allt annan en eiginmanninn.

# Þrír meistarar

**Kjarvalsstaðir eru vinsæll skemmtistaður. Á laugardaginn voru þar opnaðar hvorki meira né minna en þrjár sýningar. Ein á verkum Hrings heitins Jóhannessonar, önnur á verkum Jónínu Guðnadóttur leirlistakonu og í þriðja lagi var opnuð sýning á verkum sjálfs Kjarvals.**



Bella Bryndís.



Sverrir Hermannsson. Seðlabankinn á stórt listasafn og því eðlilegt að bankastjórar mæti til að huga að meiri fjárfestingum.



Markús Örn Antonsson, fyrrv. fréttamaður, fyrrv. útvarpsstjóri, fyrrv. borgarstjóri, núv. framkvæmdastjóri Útvarpsins.



Gunnar Eyjólfsson minnir eilítið á villta önd, en svo sérkennilega vill til að hann brillerar einnig í leikriti sem heitir Villiöndin.



Frú Halldóra Eldjárn, fyrrverandi forsetafrú.